

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	EB-STOFNANIR	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
2004/EES/49/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3535 – Van Drie/Schils)	1
2004/EES/49/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3565 – Talanx/neue leben)	2
2004/EES/49/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3568 – JPMP/Apollo/AMC)	3
2004/EES/49/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3569 – Wendel Investissement/Bureau Veritas)	4
2004/EES/49/05	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3346 – NYK Reefers/Lauritzen Cool/LCL JV)	5
2004/EES/49/06	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3483 – Voestalpine AG/Nedcon Groep NV)	5
2004/EES/49/07	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3517 – CVC/Permira/AA)	6

2004/EES/49/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3541 – TPG Post/Essent Retail/Cendris-BSC JV)	6
2004/EES/49/09	Auglýsing sem birt er í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 og varðar mál COMP/C.2/37.214 – Sala í einu lagi á rétti til útsendinga frá þýsku deildakeppninni í knattspyrnu (Bundesliga)	7
2004/EES/49/10	Ríkisaðstoð – Mál C 24/2004 – Svíþjóð.	8
2004/EES/49/11	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun ráðsins 93/42/EBE (birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt tilskipuninni).	8
2004/EES/49/12	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	16

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3535 – Van Drie/Schils)**

2004/EES/49/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. september 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar tilvísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Van Drie Holding BV (Van Drie) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir hollenska fyrirtækinu Schils Holding BV (Schils).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Van Drie: heildsala á mysudufti og undanrennudufti, framleiðsla og sala á staðgöngumjólki fyrir kálfa, kaup á ungum kálfum, slátrun alikálfa og sala á kálfakjöti og kjötvörum úr kálfakjöti
 - Schils: framleiðsla og sala á þurrvöru úr mjólki (t.d. mysudufti, undanrennudufti, fituþykki úr mysu og staðgöngumjólki fyrir kálfa), kaup á ungum kálfum, slátrun alikálfa og sala á kálfakjöti og kjötvörum úr kálfakjöti
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 240, 28. september 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3535 – Van Drie/Schils, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3565 – Talanx/neue leben)**

2004/EES/49/02

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. september 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Talanx AG, sem er undir yfirráðum hins þýska HDI Haftpflichtverband der Deutschen Industrie VaG (HDI) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu neue leben Holding AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Talanx AG: tryggingar og eignastýring
 - HDI: eignarhald á Talanx AG og fasteignafélagi
 - neue leben Holding AG: tryggingar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 238, 25. september 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3565 – Talanx/neue leben, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3568 – JPMP/Apollo/AMC)**

2004/EES/49/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. september 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin JPMP Capital Corp. (JPMP), sem tilheyrir bandarísku samsteypunni JPMorgan Chase Group, og Apollo Group öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir hinu bandaríska AMC Entertainment Inc. (AMC) með kaupum á hlutfé í samáhættufyrirtæki sem stofnað er sérstaklega vegna þessara viðskipta.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - JPMP: hlutabréf óskráðra fyrirtækja
 - Apollo Group: fjárfestingar í verðbréfasöfnum
 - AMC: kvikmyndasýningar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 240, 28. september 2004). Þær má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3568 – JPMP/Apollo/AMC, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Tilkynninguna er að finna á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála (DG COMP): http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/legislation/consultation/simplified_tru.pdf.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3569 – Wendel Investissement/Bureau Veritas)

2004/EES/49/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. september 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Wendel Investissement (Wendel) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Bureau Veritas SA sem er nú undir yfirráðum Wendel og Poincaré Investissements í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Wendel: eignarhaldsfyrirtæki sem stjórnar m.a. fyrirtækjunum Legrand, Wheelabrator Allevar, Oranje-Nassau og Stallargènes
 - Bureau Veritas SA: vottun, flokkun og gæðaeftirlit
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó settur um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 244, 1. október 2004). Þær má senda með simbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3569 – Wendel Investissement/Bureau Veritas, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3346 – NYK Reefers/Lauritzen Cool/LCL JV)**

2004/EES/49/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. júní 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3346. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3483 – Voestalpine AG/Nedcon Groep NV)**

2004/EES/46/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 10. ágúst 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3483. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3517 – CVC/Permira/AA)**

2004/EES/49/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. ágúst 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3517. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.3541 – TPG Post/Essent Retail/Cendris-BSC JV)**

2004/EES/46/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. september 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- endurgjaldslaust á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Á vefsetrinu má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 32004M3541. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins (<http://europa.eu.int/celex>).

Auglýsing sem birt er í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 og varðar mál COMP/C.2/37.214 – Sala í einu lagi á rétti til útsendinga frá þýsku deildakeppninni í knattspyrnu (Bundesliga)

2004/EES/49/09

Hinn 25. ágúst 1998 sótti knattspyrnusamband Þýskalands (*Deutsche Fußballbund*, DFB) um neikvætt vottorð eða, að öðrum kosti, sérstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans til að selja í einu lagi rétt til sjónvarps- og hljóðvarpssendinga og útsendinga með annarri tækni ⁽¹⁾ frá leikjum í fyrstu og annarri deild þýsku knattspyrnunnar (*Bundesliga* og *2. Bundesliga*). Hinn 30. október 2003 birti framkvæmdastjórnin auglýsingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17, um að hún hygðist samþykkja miðstýringu sölukerfisins með tilteknum breytingum ⁽²⁾. Í framhaldi af því búrast framkvæmdastjórninni athugasemdir frá hagsmunaaðilum.

Framkvæmdastjórnin tilkynnti DFB og Deildasamtökunum (*Ligaverband*) með bréfi dagsettu 18. júní 2004 bráðabirgðamat sitt í skilningi 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003.

Í framhaldi af því staðfestu Deildasamtökin skuldbindingarnar sem þau höfðu tekist á hendur samkvæmt eldri tilkynningaraðferð, en þær voru ákveðnar með hliðsjón af athugasemdum sem búrast á grundvelli 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 17, nú 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003. Þessar skuldbindingar er að finna í óstyttri útgáfu á vefsetri aðalskrifstofu samkeppnismála.

Með fyrirvara um niðurstöður samráðs við markaðsaðila hyggst framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 og lýsa bindandi þær skuldbindingar sem birtar hafa verið á vefsetrinu. Í þessu skyni gefur hún öðrum þeim, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að leggja fram athugasemdir og skulu þær lagðar fram áður en mánuður er liðinn frá því að auglýsing þessi birtist í Stjtið. ESB (C 229, 14.9.2004).

Hagsmunaaðilar eru beðnir að senda einnig útgáfu af athugasemdunum án trúnaðarupplýsinga; atvinnuleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum skal eytt og í staðinn sett annaðhvort samantekt sem er ekki háð trúnaðarkvöðum eða orðin „[atvinnuleyndarmál]“ eða „[trúnaðarmál]“.

Athugasemdir skulu sendar á eftirfarandi pósthfang með tilvísuninni „COMP/C-2/37.214 – Joint selling of the media rights to the German Bundesliga“:

European Commission
Directorate-General for Competition
Antitrust Registry
B-1049 Bruxelles/Brussel
Bréfasími: (32) 22 95 01 28

Óstytur texti þessarar auglýsingar birtist í Stjtið. ESB C 229 hinn 14. september 2004.

⁽¹⁾ Rétturinn til sölu í einu lagi nær til allra gerða útsendingarréttar: opinna sjónvarpsútsendinga, áskriftarsjónvarps og þáttasölusjónvarps, útsendinga um lofnet, kapal og gervitungl, beinna og tafinna útsendinga, sýningar heilla leikja, kafla úr leikjum og svipmynda auk hljóðvarpssendinga. Hann nær einnig til réttar til útsendinga með hvers kyns nútíðar- og framtíðartækni á borð við UMTS, Internet og „business television“.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 261, 30.10.2003, bls. 13; sjá einnig EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 58, 13.11.2003, bls. 11.

Ríkisaðstoð
Mál C 24/2004
Svíþjóð

2004/EES/49/10

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna uppsetningar á kerfi til stafrænna sjónvarpssendinga frá jarðstöðvum (DVB-T) í Svíþjóð, sjá Stjtið. ESB C 238 frá 25. september 2004.

Framkvæmdastjórnin veitir aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri við:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate H, State Aid
Office J-II 70
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: (32) 22 96 98 16

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Svíþjóð. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskin rökstudd.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar
á tilskipun ráðsins 93/42/EBE

2004/EES/49/11

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Dagur sem hætta skal að ganga út frá samræmi staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN/Cenelec	EN 46001:1996 Gæðakerfi – Sérstakar kröfur vegna beitingar EN ISO 9001 gagnvart lækningatækjum		Ekkert	–
CEN/Cenelec	EN 46002:1996 Gæðakerfi – Sérstakar kröfur vegna beitingar EN ISO 9002 gagnvart lækningatækjum		Ekkert	–
CEN/Cenelec	EN 46003:1999 Gæðakerfi – Lækningatæki – Sérstakar kröfur vegna beitingar EN ISO 9003		Ekkert	–
Cenelec	EN 50103:1995 Leiðbeiningar um beitingu ISO 9001 og EN 46001 og notkun ISO 9002 og EN 46002 við framleiðslu lækningatækja (að meðtöldum virkum ígræðum)		Ekkert	–
Cenelec	EN 60118-13:1997 Heyrnartæki – 13. hluti: Rafsegulsviðssamhæfi – Vörustaðall	IEC 60118-13:1997	Ekkert	–
Cenelec	EN 60522:1999 Ákvörðun stöðugrar síunar röntgenlampasamsetninga	IEC 60522:1999	Ekkert	–

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Dagur sem hættu skal að ganga út frá samræmi staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 60580:2000 Rafmagnslækningatæki – geislunarflatarmælar	IEC 60580:2000	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-1:1990 Rafmagnslækningatæki – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi Breyting A1:1993 á EN 60601-1:1990 Breyting A2:1995 á EN 60601-1:1990 Breyting A13:1996 á EN 60601-1:1990	IEC 60601-1:1988 IEC 60601-1:1988/ A1:1991 IEC 60601-1:1988/ A2:1995	Ekkert Athugasemd 3 Athugasemd 3 Athugasemd 3	– – – Liðinn (1.7.1996)
Cenelec	EN 60601-1-1:1993 Rafmagnslækningatæki – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi – 1. Viðbótarstaðall: Öryggiskröfur fyrir rafmagnslækningakerfi Breyting A1:1996 á EN 60601-1-1:1993	IEC 60601-1-1:1992 IEC 60601-1-1:1992/ A1:1995	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.9.1996)
Cenelec	EN 60601-1-1:2001 Rafmagnslækningatæki – Hluti 1-1: Almennar kröfur um öryggi – Viðbótarstaðall: Öryggiskröfur fyrir rafmagnslækningakerfi	IEC 60601-1-1:2000	EN 60601-1-1:1993 ásamt breytingum Athugasemd 2.1	Liðinn (1.12.2003)
Cenelec	EN 60601-1-2:1993 Rafmagnslækningatæki – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi – 2. Viðbótarstaðall: Rafsegulviðssamhæfi – Kröfur og prófanir	IEC 60601-1-2:1993	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-1-2:2001 Rafmagnslækningatæki – Hluti 1-2: Almennar kröfur um öryggi – Viðbótarstaðall: Rafsegulviðssamhæfi – Kröfur og prófanir	IEC 60601-1-2:2001	EN 60601-1-2:1993 Athugasemd 2.1	1.11.2004
Cenelec	EN 60601-1-3:1994 Rafmagnslækningatæki – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi – 3. Viðbótarstaðall: Almennar kröfur um geislavarnir í röntgenbúnaði sem er notaður til sjúkdómsgreiningar	IEC 60601-1-3:1994	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-1-4:1996 Rafmagnslækningatæki – Hluti 1-4: Almennar kröfur um öryggi – Viðbótarstaðall: Forritanleg rafmagnslækningakerfi Breyting A1:1999 á EN 60601-1-4:1996	IEC 60601-1-4:1996 IEC 60601-1-4:1996/ A1:1999	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.12.2002)
Cenelec	EN 60601-2-1:1998 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-1: Sérstakar kröfur um öryggi rafeindahraðla á bilinu 1 til 50 MeV Breyting A1:2002 á EN 60601-2-1:1998	IEC 60601-2-1:1998 IEC 60601-2-1:1998/ A1:2002	Ekkert Athugasemd 3	– 1.6.2005

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Dagur sem hættu skal að ganga út frá samræmi staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 60601-2-2:1993 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi hátíðnibúnaðar sem er notaður til skurðlækninga	IEC 60601-2-2:1991	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-2:2000 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-2: Sérstakar kröfur um öryggi hátíðnibúnaðar sem er notaður til skurðlækninga	IEC 60601-2-2:1998	EN 60601-2-2:1993 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.8.2003)
Cenelec	EN 60601-2-3:1993 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi stuttbylgjubúnaðar sem er notaður við lækni meðferð Breyting A1:1998 á EN 60601-2-3:1993	IEC 60601-2-3:1991 IEC 60601-2-3:1991/ A1:1998	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.7.2001)
Cenelec	EN 60601-2-4:2003 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-4: Sérstakar kröfur um öryggi hjartastuðtækja	IEC 60601-2-4:2002	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-5:2000 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-5: Sérstakar kröfur um öryggi úthljóðssjúkraþjálfunarbúnaðar	IEC 60601-2-5:2000	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-7:1998 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-7: Sérstakar kröfur um öryggi háspennurafala röntgentækja til sjúkdómsgreiningar	IEC 60601-2-7:1998	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-8:1997 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi röntgenlækningatækja sem starfa á bilinu 10 kV til 1 MV Breyting A1:1997 á EN 60601-2-8:1997	IEC 60601-2-8:1987 IEC 60601-2-8:1987/ A1:1997	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.6.1998)
Cenelec	EN 60601-2-9:1996 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi skammtamæla sem snerta sjúklinginn og notaðir eru í geislameðferð með raftengdum geislanemum	IEC 60601-2-9:1996	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-10:2000 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-10: Sérstakar kröfur um öryggi ertingarskauta fyrir taugar og vöðva Breyting A1:2001 á EN 60601-2-10:2000	IEC 60601-2-10:1987 IEC 60601-2-10:1987/ A1:2001	Ekkert Athugasemd 3	– 1.11.2004
Cenelec	EN 60601-2-11:1997 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-11: Sérstakar kröfur um öryggi búnaðar til meðferðar með gammageislum	IEC 60601-2-11:1997	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-16:1998 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-16: Sérstakar kröfur um öryggi tækja til blóðskilunar, blóðsiunar með skilun og blóðsiunar	IEC 60601-2-16:1998	Ekkert	–

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Dagur sem hættu skal að ganga út frá samræmi staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 60601-2-17:1996 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi fjarstýrðra sjálfvirkra geislameðferðartækja sem nota gammageisla Breyting A1:1996 á EN 60601-2-17:1996	IEC 60601-2-17:1989 IEC 60601-2-17:1989/ A1:1996	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.3.1997)
Cenelec	EN 60601-2-18:1996 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi holspeglunarbúnaðar Breyting A1:2000 á EN 60601-2-18:1996	IEC 60601-2-18:1996 IEC 60601-2-18:1996/ A1:2000	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.8.2003)
Cenelec	EN 60601-2-19:1996 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi nýburakassa Breyting A1:1996 á EN 60601-2-19:1996	IEC 60601-2-19:1990 IEC 60601-2-19:1990/ A1:1996	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (13.6.1998)
Cenelec	EN 60601-2-20:1996 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi hitakassa til flutninga	IEC 60601-2-20:1990 + A1:1996	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-21:1994 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi geislahitara fyrir nýbura Breyting A1:1996 á EN 60601-2-21:1994	IEC 60601-2-21:1994 IEC 60601-2-21:1994/ A1:1996	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (13.6.1998)
Cenelec	EN 60601-2-22:1996 Rafmagnslækningatæki – 2. hluti: Sérstakar kröfur um öryggi leysitækja sem eru notuð við sjúkdómsgreiningu og lækningameðferð	IEC 60601-2-22:1995	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-23:2000 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-23: Sérstakar kröfur um öryggi búnaðar til að fylgjast með hlutþrýstingi gegnum húð	IEC 60601-2-23:1999	EN 60601-2- 23:1997 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.1.2003)
Cenelec	EN 60601-2-24:1998 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-24: Sérstakar kröfur um öryggi stunguveitudælna og stýritækja þeirra	IEC 60601-2-24:1998	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-25:1995 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-25: Sérstakar kröfur um öryggi hjartarita Breyting A1:1999 á EN 60601-2-25:1995	IEC 60601-2-25:1993 IEC 60601-2-25:1993/ A1:1999	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.5.2002)
Cenelec	EN 60601-2-26:1994 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-26: Sérstakar kröfur um öryggi heilarita	IEC 60601-2-26:1994	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-27:1994 Rafmagnslækningatæki – Hluti 2-27: Sérstakar kröfur um öryggi búnaðar sem er notaður til að fylgjast með hjartaritum	IEC 60601-2-27:1994	Ekkert	–

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Dagur sem hættu skal að ganga út frá samræmi staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 60601-2-28:1993 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-28: Sérstakar kröfur um öryggi grunnsmætæðna og lampasmætæðna röntgenbúnaðar sem er notaður til sjúkdómsgreiningar	IEC 60601-2-28:1993	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-29:1999 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-29: Sérstakar kröfur um öryggi geislameðferðarherma	IEC 60601-2-29:1999	EN 60601-2-29:1995 +A1:1996 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.4.2002)
Cenelec	EN 60601-2-30:2000 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-30: Sérstakar kröfur um öryggi blóðþrýstingsmæla sem mæla sjálfvirkt, reglubundið og óbeint	IEC 60601-2-30:1999	EN 60601-2-30:1995 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.2.2003)
Cenelec	EN 60601-2-31:1995 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-31: Sérstakar kröfur um öryggi ytri hjartagangráða með innri aflgjafa Breyting A1:1998 á EN 60601-2-31:1995	IEC 60601-2-31:1994 IEC 60601-2-31:1994/ A1:1998	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (1.1.2001)
Cenelec	EN 60601-2-32:1994 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-32: Sérstakar kröfur um öryggi búnaðar sem tilheyrir röntgenbúnaði	IEC 60601-2-32:1994	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-33:1995 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-33: Sérstakar kröfur um öryggi segulsneiðmyndataekja fyrir læknisfræðilega greiningu Breyting A11:1997 á EN 60601-2-33:1995	IEC 60601-2-33:1995	Ekkert Athugasemd 3	– Liðinn (13.6.1998)
Cenelec	EN 60601-2-33:2002 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-33: Sérstakar kröfur um öryggi segulsneiðmyndataekja fyrir læknisfræðilega greiningu	IEC 60601-2-33:2002	EN 60601-2-33:1995 ásamt breytingum Athugasemd 2.1	1.7.2005
Cenelec	EN 60601-2-34:1995 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-34: Sérstakar kröfur um öryggi búnaðar sem er notaður til að fylgjast með blóðþrýstingi beint	IEC 60601-2-34:1994	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-34:2000 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-34: Sérstakar kröfur um öryggi blóðþrýstingsvöktunarbúnaðar sem fer inn í líkama, þ.m.t. um áskilið nothæfi	IEC 60601-2-34:2000	EN 60601-2-34:1995 Athugasemd 2.1	Liðinn (1.11.2003)
Cenelec	EN 60601-2-35:1996 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-35: Sérstakar kröfur um öryggi teppa, púða og dýna sem ætluð eru til hitunar við lækningar	IEC 60601-2-35:1996	Ekkert	–
Cenelec	EN 60601-2-36:1997 Rafmagnslækningataeki – Hluti 2-36: Sérstakar kröfur um öryggi búnaðar til steinmolunar utan frá	IEC 60601-2-36:1997	Ekkert	–

